Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030



BRÁKARBORG

2026– 2027

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 4
2.1 Innra mat 4
2.2 Ytra mat – Stofnun ársins (Sameyki) 5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 6
4. Starfsþróunarsamtöl 7
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 8
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 9
7. Foreldrasamstarf 10
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 11
9. Þróunarverkefni 12
10. Fylgiskjöl: 12
10.1 **Innra mat Dvergheima 2025-2026** 12
10.1.1 Umbótaáætlun Dvergheima 2026-2027 13
10.2 Innra mat Álfheima 2025-2026 17
10.2.1 Umbótaáætlun Álfheima 2026-2027 17
10.3 Innra mat Jötunheima 2025-2026 21
10.3.1 Umbótaáætlun Jötunheima 2026-2027 23
10.4 Umsögn foreldraráðs 26

1. Greinargerð leikskólastjóra



Þegar horft er til baka á skólaárið í Brákarborg má segja að það hafi að megninu til farið í það að finna jafnvægi. Utanaðkomandi aðstæður hafa boðið upp á rask á starfseminni með tilheyrandi flækjustigum þannig að mikill hluti orku starfsfólks, barna og foreldra hefur farið í að aðlagast og vinna að uppbyggingu til framtíðar. Því miður hafa þessar aðstæður orðið til þess að starfsfólk hefur séð sér þess kost vænstan að hætta og því hefur töluverð starfsmannavelta haft áhrif á starfið og þróun þess.

Frá því í september höfum við eingöngu verið með starfsemina á gamalkunnum slóðum í Brákarsundi, sem hefur verið ákaflega gott fyrir okkur, stærðarlega séð að ná að styrkja okkur og gefa tíma og rými í að treysta grunninn okkar faglega.

Samvinna starfsfólks og foreldra hefur verið til fyrirmyndar og það er alveg öruggt að það skiptir sköpum í því flókna starfsumhverfi sem leikskólinn hefur verið í síðastliðin ár. Foreldraráð hefur stutt við og þrýst á eftir þörfum og staðið þétt við bakið á stjórnendum og stjórn foreldrafélagsins vann öttullega að því að gera hátíðir skólans enn betri með virkari þátttöku og þéttu samstarfi við börn og starfsfólk. Þökkum við þeim fyrir mjög svo óeigingjarnt starf í þágu Brákarborgara bæði barna og starfsfólks.

Við getum stolt gengið frá þessum vetri og þeim árangri sem náðst hefur og sýna niðurstöður okkar úr Stofnun ársins það glögglega að þróun mála eru í rétta átt svo um munar og niðurstöður á öllum vígstöðvum hafa tekið stökk upp á við. Gleðin, jákvæðnin og spennan fyrir komandi tímum í endurbættu húsnæði á Kleppsvegi er næstum áþreifanleg og öruggt að fyrri reynsla mun standa með okkur í þeim áskorunum sem felast í flutningum og stækkun skólans.

Áherslur okkar á líðan baranna hefur skilað sér og í mörgu má sjá leiðarljósin okkar AGA, VIRÐINGU og UMHYGGJU endurspeglast í gegnum skólastarfið í heild sinni og öruggt að aðlögunarhæfni okkar dásamlega nemendahóps er stórkostleg og margreynd á hinum ýmsu sviðum.

Með jákvæðni og bjartsýni að vopni tökum við á móti næsta skólaári með opinn faðm fyrir stækkandi barna- og starfsmannahópi Brákarborgarfjölskyldunnar.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026



2.1 Innra mat

Styrkleikar Brákarborgar skólaárið 2025-2026 er klárlega aðlögunarhæfni.

Rödd barnanna, 2020 árgangur

Börnin eru sammála því að þeim líður mjög vel í leikskólanum og finnst gott að vera í „gömlu Brákarborg“ og eru einróma um að það sé „miklu betra en í Ármúla“. Lausnahringurinn hjálpar öllum að líða vel og að stjórna sér. Allir kunna að stoppa líka og svo eru börnin dugleg að hjálpa bæði börnum og kennurum. Það geta „allir leikið saman þegar allir eru saman í leikskólanum“ og svo er gaman að „bjóða öðrum að vera með“ bæði vinum af Jötunheimum en einnig Álfheimum og Jötunheimum.

Sumum finnst erfitt að stjórna sér en þá er gott að „næstum allir í Brákarborg eru góðir að hjálpa“, „sumum finnst samt erfitt að stjórna sér og stoppa“.

Það kom sterkt fram að það verði betra á Kleppsveginum því að þar er pláss til að borða inni. „Bilaða Brákarborg er betri í matartímum, þá þarf ekki að fara út til að borða“.

Í Brákarsundinu þurfa elstu börnin að fara útileiðina í matsalinn til að trufla ekki hvíld yngri barna og eftir að eitt barn nefndi það, sögðust þau öll hlakka til að gera farið í matinn inni en ekki út í bleytu.

Mat starfsfólks

Það fór að mestu fram á skipulagsdögum, deildarfundum og stjórnendafundum. Mikil samstaða er í hópnum og breytingar í starfsmannahópnum hafa haft góð áhrif á starfið. Samstarf milli deilda hefur gengið vel t.d. í matartímum. Spenna og tilhlökkun er fyrir flutningum á Kleppsveg 150-152. Regnbogavottun var uppfærð með fræðslu og mæt
Mat starfsfólks fór fram á skipulagsdögum, deildarfundum og stjórnendafundum.

Það stendur upp úr að samstaða er mikil í hópnum og eftir miklar utanaðkomandi breytur og breytingar í starfsmannahópnum þá hefur það sett mikinn svip á starfið og þá til hins betra. Samstarf er gott í húsi og samvinna á milli deilda hefur gengið vel. Mest hefur verið þörf á samvinnunni í matartímum þegar það er að hluta til flæði og samnýting á matsalnum.

Starfsemin öll hefur litast af endalaust nýjum dagsetningum um mögulega flutninga aftur í húsnæðið okkar að Kleppsvegi 150-152. Má segja að það um sé að ræða sambland af spennu, tilhlökkun og kvíða fyrir þessum breytingum enda hefur það mikil áhrif að flytja starfsemina og hvað þá mörgum sinnum.

Áherslan í starfi vetrarins var að ná eins góðu jafnvægi og mögulegt er fyrir næstu atrennu og hefur það að mestu gengið frábærlega. Starfsfólk er sammála um að þar skipti fyrri reynsla máli og skilningur og samstarf við bæði stjórnendur, Skóla- og frístundasvið og ekki síst foreldra og þá aðallega foreldraráð Brákarborgar.

Regnbogavottun leikskólans frá árinu 2021 var uppfærð með góðri sameiginlegri fræðslu fyrir allt starfsfólk. Það kom sterkt fram frá starfsfólki að það tengir vel við líðan bæði barna og starfsfólks að öllum er mætt á þeirra forsendum og hver og einn fær að njóta sín eins og hann er.

Einingakubbarnir fengu ekki að njóta sín að hluta til vegna flutninga og þeirrar staðreyndar að stór hluti þeirra var ekki með okkur vegna plássleysis í Brákarsundinu. Þeir voru samt notaðir í styttri tíma yfir árið og fræðsla sett af stað til að efla þennan þátt betur.

2.2 Ytra mat – Stofnun ársins (Sameyki)

Brákarborg hækkaði að heildarmati um 0,57 og fór í 4,02 og helstu undirliðir hækkuðu umtalsvert.

- Stjórnun (4,47)
- Starfsandi (4,14)
- Launakjör (3,13)
- Vinnuskilyrði (3,41)
- Sveigjanleiki í vinnu (4,05)
- Sjálfstæði í starfi (4,23)
- Ánægja og stolt (4,02)
- Jafnrétti (4,78)

Hæstu 5 þættir leikskólans:

1. Í Brákarborg gegnir starfsfólk ábyrgðastöðum óháð kyni (4,95)
2. Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef á þarf að halda (4,91)
3. Í Brákarborg er lögð áhersla á jafnrétti kynja (4,83)
4. Í Brákarborg er skýr stefna um jafnrétti kynja (4,83)
5. Í Brákarborg njóta allir jafnræðis óháð aldri, kyni, uppruna, kynhneigð eða trú (4,83)

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027



Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.
Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Umbótaþáttur A	**Mannauður / Leikskólabragur (Flutningur og vinnuumhverfi)**
Tækifæri /Árangur	Tryggja jafnvægi, öryggi og jákvæðan starfsanda við flutning á Kleppsveginn.
Aðgerðir	Veita styðjandi stjórnun í flutningsferli; halda úti þéttu upplýsingaflæði og rýnihópum á deildarfundum
Ábyrgð og tímarammi	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri | september 2026 – janúar 2027
Mat og viðmið	Rýnihópar og umfærður á stjórnandafundum. Mælingar hjá Stofnun ársins haldist háar.

Umbótaþáttur B	**Uppeldis- og menntastarf (Samskipti og leikur)**
Tækifæri /Árangur	Samræma notkun einingakubba og lausnahringsins þvert á deildir.
Aðgerðir	Fræðsla fyrir nýtt starfsfólk; samræmt skipulag í hópastarfi deilda.
Ábyrgð og tímarammi	Deildarstjórar og lausnahringsteymi | október 2026-maí 2027
Mat og viðmið	Skráningablöð og ljósmyndaskráningar. Öll börn fái reglulegar stundir og nýti lausnirnar leik og starfi leikskólans.

Umbótaþáttur C	**Stjórnun og jafnrétti (Regnbogavottun)**
Tækifæri /Árangur	Viðhalda og dýpka Regnbogavottun leikskólans og jafnréttisáherslur.
Aðgerðir	Markviss fræðsla á skipulagsdögum og samþætting við jafnréttisáætlun Reykjavíkurborgar.
Ábyrgð og tímarammi	Skólastjórnendur | haust 2026 – vor 2027
Mat og viðmið	Spurningakannanir og rýnihópar starfsfólks. Allir starfsmenn þekkja og virða gildin.

4. Starfsþróunarsamtöl



Starfsþróunarsamtöl voru tekin í apríl og maí og skiptu aðstoðarleikskólastjóri og skólastjóri þeim sín á milli. Einnig voru innlitssamtöl í hverri viku, mis mikið eftir aðilum til að fylgja eftir líðan starfsfólks í þeim flóknu verkefnum sem við höfum fengið í fangið.

Líðan starfsfólks er almennt góð og taldi stærsti hópur starfsfólks þar stóran þátt vera sú breyting sem gerð var að færa alla starfsemina undir eitt þak en einnig þær breytingar sem hafa orðið á starfsmannahópnum þennan veturinn, sem hafa orðið til þess að starfið einkennist af jákvæðni nú en áður hafi neikvæðni, óvissa og óöryggi einkennt starfsumhverfið í heild sinni.

Starfsfólks telja sig almennt hafa gott aðgengi að skólastjórnendum. Einnig er það almennt svo að samskipti við deildarstjóra séu góð og tækifæri til að nýta hæfni hvers og eins nýtt. Fólk vinnur vel saman og deildir fóru að vinna mun betur saman eftir því sem leið á veturinn.

Helstu styrkleikar starfsmannahópsins eru aðlögunarhæfni, jákvæðni, lausnamiðuð samvinna og sterk liðsheild af ólíku fólki með ólíkan bakgrunn, sem gefur börnunum meiri breidd af kennurum og fyrirmyndum.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans



Fræðsla og starfsþróun starfsfólks á skólaárini 2026-2027 tekur mið af umbótaáætlun leikskólans, þörf hvers og eins á fræðslu, stuðningi og starfsþróun og þeim áherslum sem Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur upp. Er markmiðið ávallt að styrkja hópinn, auka samfellu í námi barnanna og auka fagmennsku í takti við þá umbótaþætti unnið er að. Fræðsla fyrir deildarstjóra og stuðningur frá mannauðsráðgjafa verður að hluta til unninn með allan stjórnendahópinn, einnig munu deildarstjórar fara í þau verkefni sem nauðsynlega þarf til að þeir hafi allir sambærilegan grunn og skilning þegar kemur að skipulagi starfsins.

Áhersla verður á að efla fagmennsku, bæta þekkingu og efla starfshópinn betur til að styðja við málörvun og annan almennan þroska barnanna ásamt því að styrkja við fjölmenninguna sem gera má ráð fyrir að verði umtalsvert meiri miðað við innritun fyrir skólaárið 2026-2027.

Fyrirliggjandi sameiginlegar fræðslur fyrir starfmannahópinn verða á skipulagsdögum.

Dagsetning	**Fræðsla / Viðburður**
25. september 2026	Hæfnirammar um málörvun Viðverustjórnun Öryggi og heilbrigði
27. nóvember 2026	Nýliðafræðsla Einingakubbar
25. janúar 2027	Lausnahringurinn Endurmat á haustönn
8. mars 2027	Skyndihjálp
27. apríl 2027	Menntastefnumót Reykjavíkurborgar – gert er ráð fyrir því að taka að fullu þátt í þessum degi
24. maí 2027	Endurmat og skólaskil

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva



Markmiðið með samstarfi við grunnskóla og frístundar hverfis okkar, er sú að skólaganga elstu barna Brákarborgar takist sem best og sérhvert barn fái nám við hæfi í grunnskóla. Langholtsskóli er hverfisgrunnskólinn okkar og er samstarf hjá deild elstu barna hjá okkur við 1. bekk Langholtsskóla. Börnin fá að kynnast frístundinni Glaðheimum. Aðilar frá báðum þessum skipulagseiningum mættu á skilafundi með deildarstjóra og sérkennsluteymi leikskólans á vormánuðum 2026.

Tímabil	**Samstarfsverkefni / Viðburður**	**Ábyrgð**
Nóvember 2026	Vettvangsferð og heimsókn í 1. Bekk Langholtsskóla	Deildarstjóri elstu barna
Febrúar 2027	Samstarfsfundur stjórnenda leik- og grunnskóla vegna skóladagatal og sameiginlegra skipulagsdaga	Skólastjóri
Vorönn 2027	Samstarfsverkefni Brákarborgar, Sunnuáss, Langholts, Vinagarðs og Langholtsskóla	Kynningar á milli skólanna þar sem hver skóli gefur innsýn inn í starfið og áherslurnar.
Apríl 2027	Kynningarheimsókn í frístund Glaðheima fyrir elstu börnin	Kennarar á deild elstu barna
Maí 2027	Skila- og samstarfsfundir vegna barna sem fara frá okkur til viðkomandi leikskóla eða grunnskóla – sér fundir vegna barna með sérþarfir	Skólastjóri og sérkennslustjóri

7. Foreldrasamstarf



Foreldrasamstarf stuðlar að betra og dýpra leikskólanámi barna og eykur velferð þeirra. Í foreldrasamvinnu er fylgst með alhliða þroska allra barna og leitað leiða til að efla hann. Lögð er rækt við að byggja upp og viðhalda virku og góðu samstarfi við foreldra og reglulega er leitað eftir sjónarmiðum þeirra um uppeldi og nám barna þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu og eru þátttakendur í umræðum um þróun, mat og umbætur og breytingar á stefnu og skólanámskrá. Gott og gagnkvæmt upplýsingaflæði er milli foreldra og starfsfólks, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Foreldrar eru upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um leikskólastarfið. Foreldrum er tryggð túlkaþjónusta þegar á þarf að halda til að nauðsynlegar upplýsingar komist til skila. Foreldrahópurinn okkar samanstendur af einstaklingum sem eru boðnir og búnir að aðstoða okkur og taka þátt í öllu því sem við höfum óskað eftir. Það má leiða að því líkum að það sé vegna þess hve skólinn var lítill og samskipti foreldra, kennara og skólastjóra voru því mikil í fyrra húsnæði leikskólans.

Aðal áherslur í samstarfi við foreldra er að kynnast þeim vel og kynna þau fyrir starfinu okkar. Er byrjað með kynningarfundi fyrir foreldra nýrra barna, sem verður boðaður um leið og hægt verður og haldinn á Kleppsvegi að lágmarki viku fyrir fyrstu aðlögun. Þátttökuaðlögunin er stór liður í því að þétta samvinnu heimilis og skóla, mynda traust og virðingu fyrir hvort öðru og byggja upp tengingar með öryggi og góða líðan barnanna að leiðarljósi.
Núverandi foreldraráð var kosið á aðalfundi foreldrafélags Brákarborgar þann 11. október 2025 og verður næsta kosið á aðalfundi foreldrafélagsins 29. september 2026. Á aðalfundi foreldrafélagsins er farið yfir starf vetrarins, stöðu mála og kosið bæði í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráð. Foreldrafélag Brákarborgar hefur verið starfrækt samfellt frá árinu 1994 og er ný stjórn kosin að hausti á aðalfundi foreldrafélagsins.
Foreldrasamtöl eru tekin bæði að hausti og vori og er áætlað að þau verði í október – nóvember á haustönninni og svo í mars-maí á vorönn.

<u>Fastir liðir í skipulagi skólans í samstarfi við foreldra:</u>

- Foreldrafélagsfundur
- Foreldrasamtöl 2x á ári
- Þrettándakaffi
- Gestadagur
- Sumarhátíð

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 á hverju skólaári og skiptast þeir niður eins og hér segir:

Dagsetning / Tímavil	Fræðsla / Viðburður
25. september 2026 Sameiginlegur með Langholtsskóla	Hæfnirammar um málörvun Viðverustjórnun Öryggi og heilbrigði
27. nóvember 2026 Sameiginlegur með Langholtsskóla	Nýliðafræðsla Einingakubbar Lubbi
25. janúar 2027	Lausnahringurinn Endurmat á haustönn
8. mars 2027	Skyndihjálp
27. apríl 2027 Sameiginlegur með Langholtsskóla	Menntastefnumót Reykjavíkurborgar – gert er ráð fyrir því að taka að fullu þátt í þessum degi
24. maí 2027	Endurmat, skólaskil og það sem nauðsynlega þarf að nýta síðasta skipulagsdag skólaársins í

Skóladagatal Brákarborgar má finna á heimasíðu leikskólans, www.reykjavik.is/brakarborg



9. Þróunarverkefni



Engin þróunarverkefni verða tekin fyrir næsta skólaár heldur verða áherslur lagðar á aðlögun að nýju vinnuumhverfi, leggja grunn að traustu skólastarfi, samvinnu og samheldni. Mikilvægt að ná jafnvægi fyrir komandi stækkun. Lausnahringurinn og einingakubbarnir fá að njóta sín eins og fram kemur í aðgerðaráætlunum deilda.

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat Dvergheima 2025-2026

Styrkleikar

1. Einingakubbar. Vinnan með þá gekk mjög vel hjá eldri árgangnum hjá okkur. Hver hópur fór 1 sinni í viku í kubbastund. Við sáum miklar framfarir í byggingunum hjá þeim eftir hverja vikuna sem leið. Starfsfólk fékk námskeið í Einingakubbunum.
2. Markviss kynning á nýju lagi vikulega gekk mjög vel. Lag vikunnar var tekið markvisst í hverri söngstund á hverjum degi í þeirri viku sem það var lag vikunnar og svo var það orðið hluti af þeim lögum sem sungið var reglulega.
3. Sjálfshjálp. Við lögðum sérstaka áherslu á að þau gætu hjálpað sér sjálf við að klæða sig og notað hníf og gaffal við matarborð. Við höfum séð mikin mun á þeim frá því í haust að klæða sig sjálf. Við ákváðum að láta einungis eldri árganginn hafa hníf við matarborðið. Það er mjög misjafnt hvernig þeim hefur gengið að nota hann. Sum eru mjög dugleg að skera og nota hann til að hjálpa matnum að komast á gaffalinn meðan önnur eru ekki eins mikið að nota hann.
4. Tákn með tali. Það gekk vel að halda því við að það kæmi nýtt tákn í hverri viku sem var hengt upp á vegg á mánudegi og á morgunfundi á hverjum degi var alltaf farið yfir tákn vikunnar
5. Lausnahringurinn. Sumar lausnirnar notuðu börnin mun meira heldur en aðrar og gátu tileinkað sér að nota í daglegu starfi. Allir kennarar eru með lausnahringinn um hálsinn og hann sýndur í daglega starfinu með börnunum í leik. Sérstakt lausnahringsteymi fundar einu sinni í viku en í því er 1 starfsmaður af hverri deild sem getur þá miðlað upplýsingum af fundinum.

Tækifæri

1. Einingakubbar. Kubbavinnan með yngri árganginum hefði mátt ganga betur. Þau voru mikið að meiða hvort annað með þeim. Stefnt á að halda áfram með markvissar kubbastundir. Auka fræðslu til starfsmanna svo þeir öðlist meira öryggi í vinnu með einingakubbana. Prófa að hafa hópanna ekki aldurskipta þannig að yngri börnin séu með eldri börnunum á deildinni í hóp og sjái þá og læri hvernig þau eldri byggja.
2. Markviss kynning á nýju lagi vikulega. Við söngfundi með öllum leikskólanum var lag vikunnar hluti af 3 lögum sem deildin valdi fyrir söngfundinn. Það kom fyrir að það voru lög sem hinar deildarnar kunnu ekki svo gott væri að prenta út lag vikunnar og láta hinar deildarnar hafa líka.
3. Sjálfshjálp. Hefðum viljað æfa þau í að skila meira sjálf en aðstæður voru ekki nógu góðar til þess í hádegismatnum. Aukaborð er náð í og það veldur því að það er mjög þröngt að komast að skila. Þessu verður breytt um leið og við flytjum á Kleppsveginn.
4. Tákn með tali. Þyrftum að vera meira dugleg að nota táknin í venjulega starfinu ekki bara á morgunfundum, samverustundum og söngstundum.
5. Lausnahringurinn. Leggja áherslu á að hjálpa börnunum að nota þær lausnir sem eru ekki eins auðveldar fyrir þau að nota.

10.1.1 Umbótaáætlun Dvergheima 2026-2027

Takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum hópi barna, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Einingakubbar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin kynnist einingakubbunum og þrói með tímanum færni til að vinna með þá. Að nýtt starfsfólk fái fræðslu um einingakubbana og fái að fara með reyndara starfsfólki í kubbastund.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að öll börn deildarinnar fái í hverri viku einingakubbavinnustund.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Okt 2026-maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Nota myndir frá einingakubbastundum af byggingum barnanna og deildafundir. Samtal starfsfólks á deildarfundum um hvernig gangi og hvað mætti betur fara.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að nýta ljósmyndaskráningar til að meta þróun í kubbaleik. Að halda skráningu um fræðslu til starfsfólks og hvort þau fái að fylgja reyndari starfsmanni í kubbastund

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lausnahringurinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin þekki lausnirnar. Ein lausn í mánuði þar sem lagt er meiri áhersla á þá lausn. Í hópastarfi í hverri viku er lausnahringsstund þar sem unnið er með þá lausn sem er lausn mánaðarins Hafa lausnahringinn sýnilegan. Efla börnin í að nota lausnahringinn til að leysa ágreining sín á milli Starfsfólk gangi með lausnahringinn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota lausnirnar í öllum daglegum aðstæðum. Í lausnahringsstundum eru bækur lesnar þar sem lausnin kemur fyrir, brúðuleikrit og lög tengd lausninni sungin. Með stuðningi og fræðslu til starfsfólks og barna
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Okt 26 – maí 27.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Símat á deildarfundur á 3 vikna fresti.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin kunni að nota lausnirnar „stopp“ “skiptast á” og „Stjórna sér“ í samskiptum sín á milli Að skipulag varðandi lausnahringsfundi haldist

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi (málþroski)
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka málþroska barnanna. Áhersla á lestur bóka í samverustundum. Markvissar söngstundir þar sem börnin kynnast 1 nýju lagi vikulega. Tækifæri til að tjá hugmyndir sínar, tjá þarfir sínar og langanir. Nota öll tækifæri sem gefast til málörvunar yfir daginn eins og t.d. í matartímum, í fataherbergi, í leik og í útiveru.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lesið daglega fyrir börnin og erfið orð útskýrð sem koma fyrir jafnóðum. Markvissar söngstundir. Velja fjölbreyttar bækur. Unnið með málörvun í öllu daglega starfinu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – mai 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum á 3 vikna fresti. TRAS.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	TRAS,skimanir.

UMBÓT	Hvað	Hvernig	Hver	Tímaáætlun		Mælitæki	Viðmið
Markviss kynning á nýju lagi vikulega	Bæta í lagasafn krakkana og þau læri fjölbr eytt lög.	Á hverjum mánudegi er nýtt lag kynnt og unnið með það á hverjum degi í söngstund.	Deildarstjóri	Nóvember '25	Vor '26	Endurmat á deildarfund-um á 3 vikna fresti. Skráningar-blað yfir lögin sem koma vikulega.	Að börnin læri fjölbreyttara lagaúrval og það verði hluti af starfinu að koma með nýtt lag í hverri viku.

Sjálfshjálp	Að þau geti athafnað sig sjálf við matarborð og í fataherbergi sem dæmi.	Í öllum daglegum aðstæðum.	Deildarstjóri	Nóvember '25	Vor '26	Myndbands-skráningar.	Að börnin geti hjálpað sér sjálf í og úr fatnaði sem dæmi og borðað með hnífapörum.
TMT (Tákn með tali)	Að auka við fjölda tákna sem þau kunna	Að koma með tvö tákn inn á hverjum mánudegi, á morgunfundi og unnið með þau á hverjum degi út vikuna.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Nóvember '25	Vor '26	Endurmat á deildarfund-um á 3 vikna fresti. Skráningar-blað yfir táknin sem koma vikulega.	Að börnin læri fleiri tákn og það sé hluti af starfinu að koma með 2 ný tákn á viku.
Eininga-kubbar	Að börnin kynnist Eininga-kubbunum	Að öll börnin fái einu sinni í viku í hópastarfi Einingakubba-stund.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Nóvember '25	Vor '26	Myndir teknar í hverri viku af byggingunum í hverjum hópi fyrir sig og hægt að fylgjast með þróuninni.	Að börnin kynnist Einingakubbunum og þrói með tímanum meiri færni að vinna með þá.
Lausnahringur	Að börnin þekki lausnirnar.	Í öllum daglegum aðstæðum.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Nóvember '25	Vor '26	Símat á deildar-fundum á 3 vikna fresti.	Fækkum árekstrum milli barna og börnin verði lausnamiðuð í samskiptum sín á milli.

10.2 Innra mat Álfheima 2025-2026

Styrkleikar

Lausnahringsfundirnir gengu vel, við náðum að halda planinu að mestu leyti í gegnum skólaárið sem við settum okkur í hópastarfinu. Flest börnin þekkja lausnirnar mjög vel og nýta þær sín á milli.

Tækifæri

Ekki náðist að vinna eins markvisst með einingakubbana eins og við stefndum að. Þar af leiðandi er tækifæri til þess að auka notkun einingakubbana á næsta skólaári. Einnig ætlum við að vera duglegri að taka myndir af börnunum í starfinu með kubbana. Það þarf líka að sjá til þess að börnin hafi heilt sett af kubbum inni á deildinni, það var ábótavant.

10.2.1 Umbótaáætlun Álfheima 2026-2027

Takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum hópi barna, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

Deild/aldur barna: Álfheimar/2021	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Einingakubbarnir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að hvert barn fari einu sinni í viku í einingakubbastund.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fastar einingakubbastundir verða á deildinni í hópastarfinu.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmenn deildarinnar munu ræða hvernig gengur að framfylgja einni einingakubbastund á viku fyrir hvert barn á deildarfundi, tvisvar sinnum að hausti og tvisvar sinnum að vori.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Sett verður upp skráningarblað þar sem starfsmenn munu merkja við þegar hvert barn hefur lokið

stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	einingakubbastund. Nöfn barnanna á deildinni verða í stafrófsröð og 15 kassar við hliðiná hverju nafni, sem samsvarar heildarfjölda vikna yfir haustið. Svo verður búið til nýtt blað fyrir vorið og gert það sama.

Deild/aldur barna: Álfheimar/2021	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lausnahringurinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Í hverjum mánuði verður ein lausn tekin fyrir í hópastarfi deildarinnar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þegar börnin eru í hópastarfi inn á Álfheimum þá erum við að vinna með Lausn mánaðarins á mismunandi vegu í hverri viku. Vika 1: Ræðum lausnina, hvernig notum við hana og tökum við henni. Vika 2: Lesa bók og fara yfir hvort það hafi verið notaðar lausnir í sögunni. Ræða söguna og hvort það hefði verið hægt að nota fleiri lausnir? Vika 3: Teikna lausn mánaðarins. Vika 4: Frjálst val þessa vikuna, til dæmis búa til sögu um lausnina, ljóð, leyfa börnunum að velja hvað þau vilja gera tengt lausninni.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmenn deildarinnar munu ræða hvernig gengur að innleiða Lausnahringinn í starf deildarinnar á deildarfundi, tvisvar sinnum að hausti og tvisvar sinnum að vori.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin þekkja lausnirnar, nota þær sín á milli og kunna einnig að nota hreyfingar lausnanna (TMT).

Deild/aldur barna: Álfheimar/2021

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi (í víðum skilningi)
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna með Hljóm-2 og söngstundir
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið verður með niðurstöðu Hljóm-2 í hópastarfi. Skipt verður niður í þemu t.d. rím, klappa atkvæði, markvissir söngfundir, margræð orð o.s.frv. Vinna með Söngvavor í tengslum við Barnamenningarhátíð í Hörpu.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hljóm-2 skimun í október og febrúar. Starfsmenn deildarinnar ræða saman á deildarfundi um hvernig gekk að halda söngfundi og einnig hvernig allt gekk fyrir sig á Barnamenningarhátíðinni.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Deildarstjóri skoðar niðurstöðu úr Hljóm-2 skimun í febrúar. Börnin syngja í Hörpunni á Barnamenningarhátíðinni.

Starfsáætlun Álfheima 2025-2026

Markmið	Hvernig gerum við það?	Hvernig vitum við að það tókst?
Öll börn nota einingakubba a.m.k. tvisvar sinnum í mánuði	Skipuleggjum einingakubbastundir í hópastarfinu. Pössum að báðir hóparnir fara í skipulagt starf með kubbana	Tökum myndir af börnunum í starfinu til þess að geta fylgst með því að þau hafi farið og einnig fylgjast með þróun þeirra með einingakubbanna
Einblína á eina lausn í hverjum mánuði	Reglulegir lausnahringsfundir með börnunum	Börnin þekkja lausnirnar, nota bær sín á milli og kunna einnig að nota hreyfingar lausnanna (TMT)

10.3 Innra mat Jötunheima 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Einingarkubbar

Markvissar kubbastundir. Allir hópar fara tvisvar sinnum í viku í kubbastund í hópastarfi. Farið er í grunninn og kubbareglurnar rifjaðar upp með börnunum. Kennarinn er með markvissa innlögn í tiltektinni. Kubbarnir eru einnig í boði á öðrum tímum, t.d. í vali sem er þrisvar sinnum í viku. Augljósar framfarir hjá börnunum á tímabilinu.

Starfsfólk fékk námskeið í Einingakubbunum.

Lausnahringurinn

Gengur mjög vel að nota lausnahringinn með börnunum. Þau virðast kunna hann vel, nota hann í öllum aðstæðum og dugleg að leita lausna með kennurum og sín á milli.

Allir kennarar eru með lausnahringinn um hálsinn og hann er mjög sýnilegur inn á deild barnanna.

Lausnahringurinn er einnig notaður þegar unnið er með TMT sem er mikið notað í söngstundum og daglegu starfi. Ákveðið hefur verið að nota lausnahringinn sem atriði á útskrift elstu barna.

Sérstakt lausnahringsteymi fundar einu sinni í viku.

Efla sjálfstæði

Mikil áhersla var lögð á þennan þátt þetta skólaárið og hefur sú vinnað skilað góðum árangri. Kennarar sjá miklar framfarir hjá börnunum síðan í haust.

Öll börnin klæða sig sjálf í og úr fyrir útiveru og bjarga sér sjálf í matartíma með aðstoð kennara.

Þau skammta sér sjálf, nota hnífapör og hella sjálf í glas. Einnig ganga þau sjálf frá eftir sig, eftir matinn. Þau læra almenna kurteisi og mannasiði.

Tækifæri

Einingarkubbar

- Halda áfram með markvissar kubbastundir.
- Finnar leiðir til að virkja starfsfólk meira.
- Aukin fræðsla til starfsmanna svo þeir öðlist frekara öryggi.

Lausnahringurinn

- Gengur mjög vel en má alltaf gera betur.
- Það er mikill áhugi fyrir því að leggja inn bækur sem tengjast Lausnahringnum og eða lausn mánaðarins.

Efla sjálfstæði

- Efla sjálfstæði þeirra og undirbúa þau undir grunnskólagöngu.
- Að kennarar séu meðvitaðir um að vera ekki þroskaþjófar
- Það má biðja um aðstoð en börnin alltaf hvött til að æfa sig og gera sjálf.
- Börnin læri að ganga frá útfatnaði og skóm snyrtilega.

10.3.1 Umbótaáætlun Jötunheima 2026-2027

Deild/aldur barna: Jötunheimar 2020	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Einingakubbar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að vinna markvisst með einingakubbana. Auka áhuga og virkni starfsfólks Læra heitin á kubbunum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Öll börn deildarinnar fái kubbastund a.m.k. 1x í viku í hópastarfi. Kubbarnir verði einnig í boði sem val í frjálsum leik.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar, t.d. ljósmyndir og teikningar barna. Vettvangsferðir og umræður á deildarfundum. Umræður um t.d. hvernig kubbastarfið gengur. Samtal og speglun starfsfólks á deildarfundum og stjórnendafundum. Umræður og mat á deildarfundi hvernig gangi í hópastarfi. Kennarar rifja upp reglur og fara saman yfir grunnatriði. Styðja og upplýsa/fræða nýtt starfsfólk um einingakubbana.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Taka myndir af byggingunum og skoða hvort framþróun á sér stað á milli mynda. Taka myndir tvisvar á önn í kubbastund til að bera saman. Að kubbastarfið haldist markvisst út skólaárið

Deild/aldur barna: Jötunheimar 2020	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lausnahringurinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri að þekkja og nota lausnirnar í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota lausnirnar með börnunum í leikskólastarfinu Markvissir lausnahringsfundir með börnunum einu sinni í mánuði. Áhersla á eina lausn í mánuði sem unnið er svo með út mánuðinn.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat á lausnahringsfundum sem eru einu sinni í viku. Mat á deildarfundum (á þriggja vikna fresti). Samtal við börnin í samverustundum. Mat eftir hvern mánuð með börnunum, hvernig tókst að nýta lausn mánaðarins og hinar lausnirnar í lausnahringnum. Skráningar á lausnahringsblöð
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Með stuðningi og fræðslu starfsfólks og barna Aukning á skráningum Lausnahringsblöðum Starfsmenn gangi með lausnarhringinn.

Deild/aldur barna: Jötunheimar 2020	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla orðaforða sem er mikilvæg undirstaða fyrir góðan lesskilning síðar meir. Áhersla á ritmál, tölur og lestur bóka. Áhersla á vísur og þulur. Áhersla á orðaleiki og rím tengt t.d. Hljóm-2. Markvissar söngstundir. Tækifæri til að tjá hugmyndir sínar, tjá þarfir sínar og langanir
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lesið daglega fyrir börnin Útskýra og ræða við börnin um bókina, höfund og myndir. Umræður um söguna. Spyrja spurninga út frá efni og myndum. Velja bækur sem endurspegla fjölmenningu. Fara reglulega í vettvangsferðir á bókasafn Markvissar söngstundir Unnið með þessa þætti í öllu daglegu starfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026- maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum Hljóm-2 og TRAS
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Niðurstöður úr skimunum og Hljóm-2

F. h. Brákarborgar
Sólrún Óskarsdóttir – 18.06.2026

10.4 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027

Brákarborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Andri Guðmundsson
Helgi Júlíus Sævarsson
Kristín Fjóla Tómasdóttir
Marteinn Sindri Svavarsson

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Starfsáætlun Brákarborgar samræmist vel því starfi sem fram fór síðastliðið skólaár. Niðurstaða ráðsins er að hún sé í takt við starfs skólans og áhrif þeirra raskana sem flutningar Brákarborgar hefur haft á skólann í heild sinni.

Aðstæður höfðu áhrif á bæði faglegt starf og líðan allra hlutaðeigandi aðila eins og fram kemur í samantektinni. Er það von ráðsins að flutningum endi með endurkomu á Kleppsveginn aftur og að yfir starfsemi Brákarborgar færist ró og friður til að vinna það góða starf sem þar fer fram.

Megi næsta skólaár verða öllum farsælt og gott.

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST